

Norðurbik ehf.
Ægisnesi 2
603 Akureyri


Reykjavík, 10. desember 2019
UST201904-159/S.M.
08.06.02


Reglubundið eftirlit í bikstöð Norðurbiks

Þann 7. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í bikstöð Norðurbiks á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og ein ábending var gerð.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurbik ehf. Krossanes, Akureyri



Dags eftirlits	7.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurbik ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Óseyri 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604820979	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Steindór Sigursteinsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð er varðar uppfærslu viðbragðsáætlunar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi bikstöðvar Norðurbiks á Akureyri og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar og mælingar (gr. 4.1, 4.2 og 4.3)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.5 og 2.7)
4. Tryggingar (gr. 2.8)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits
7. Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Í bikbirgðastöð Norðurbiks á Akureyri er heimilt að taka á móti og geyma í einum geymi allt að 2000 m³ af biki eða önnur þau olíufeni sem ætluð eru til malbiks og olíumalarframleiðslu. Auk þess er heimilt að geyma á svæðinu líffólú og viðloðunarefni í tveimur 50 tonna láréttum geymum og í plastkórum.

Farið var yfir skráningar og mælingar og lagði rekstraraðili fram rekstrarhandbók með þeim skráningum sem krafist er í starfsleyfinu.

Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa og var rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningunum, ef þörf er á.

Rekstraraðili er með tryggingar í samræmi við kröfur starfsleyfisins.

Farið var yfir niðurstöður eftirlits 2018 og þau frávik sem komu fram við það eftirlit. Frávikin vörðuðu yfirfærslu starfsleyfis á nýjan rekstraraðila, umhverfismarkmið, verklagsreglur um löndun olíu, skráningar og rekstrarhandbók. Í eftirliti nú var staðfest að rekstraraðili hefur bætt úr öllum frávikum sem komu fram við eftirlitið. Rekstrarhandbók var til taks í eftirlitinu og voru þar skráningar í samræmi við kröfur starfsleyfisins. Viðbragðsáætlun og verklagsreglur vegna löndunar olíu voru einnig tiltækar í eftirliti. Umhverfismarkmiðum hefur verið skilað og starfsleyfið flutt á nýjan rekstraraðila.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar er varðar tíðni eftirlitsferða, en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni vettvangsheimsóknna á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati og verður starfsemi áhættumetin samhliða eftirlitum ársins.

Farið var í skoðunarferð um bikstöðina og ekki var tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa, ef þörf er á.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.12.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir